



Nefndarsvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
nefndarsvid@althingi.is

Reykjavík, 4. mars 2021

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um áfengislög (sala á framleiðslustað), 504. mál.

Samtök iðnaðarins (hér eftir „**SI eða Samtökin**“) fengu stjórnarfrumvarp um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 (sala á framleiðslustað), 504. mál til umsagnar. Í frumvarpinu eru einnig lagðar til breytingar á lögum um verslun með áfengi og tóbak nr. 86/2011 sem og lögum um aukatekjur ríkisins nr. 88/1991. Helstu breytingar frumvarpsins er að heimila að veita smærri brugghúsum, handverksbrugghúsum, smásölu á áfengu öli á framleiðslustað. Samtökin fagna frumvarpinu en vilja koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Í frumvarpinu er bent á að sala á grundvelli framleiðslusöluleyfis muni fyrst og fremst eiga sér stað í tengslum við ferðaþjónustu hjá leyfishafa og styrkja sölu leyfishafa í nærumhverfi. Eins og fram kemur í greinargerð frumvarpsins mun breyting á þessu styrkja rekstur þeirra áfengisframleiðenda sem frumvarpið nær til. SI telur að það kunni að skjóta skökku við að hafa efri mörk fyrir útgáfu framleiðsluleyfis þ.e. 500 þúsund lítrar. Þrátt fyrir að langstærsti hluti framleiðenda sem frumvarpið eigi að ná yfir framleiði undir 200 þúsund lítrum á ári þá eru handverksbrugghús sem framleiða meira en mörk frumvarps fyrir framleiðslusöluleyfi gera ráð fyrir. Slík mörk munu útiloka þá framleiðendur og í sumum tilfellum reynast neikvæður hvati fyrir önnur handverksbrugghús að framleiða ekki meira en tiltekin mörk heimila.

SI veltir þeirri spurningu upp hvort ekki væri skynsamlegra að veita framleiðslusöluleyfi á grundvelli seldra lítra á framleiðslustað. Með slíku yrði komið í veg fyrir að neikvæður hvati myndist fyrir framleiðendur að fara yfir tiltekin mörk, hvort sem í slíku myndi felast að draga úr framleiðslu með tilheyrandi áhrifum á nærumhverfi, til að mynda með fækkun starfa eða að skipta framleiðslu upp í framleiðslueiningar.

Hafa ber í huga að frumvarpið takmarkar engu að síður aðra handverksframleiðendur að fá framleiðslusöluleyfi fyrir sterkara áfengi en sem nemur 12% af hreinum vínanda að rúmmáli og einungis taki framleiðslusöluleyfið til áfengis gerjað úr möltuðu og ómöltuðu korni. Rök fyrir þeim takmörkunum eru sögð að tilætlan frumvarpsins felist ekki því að heimila smásölu sterks áfengis á framleiðslustað og að eyða öllum vafa um heimild fyrir framleiðslusöluleyfis annarra áfengra drykkja. SI gerir alvarlegar athugasemdir við þessar takmarkanir. Fela þær í sér mikið ójafnræði fyrir fjölda íslenskra handverksframleiðenda sem framleiða sterkari áfengi en nemur



12% af hreinum vínanda og þeirra er gerja öl úr öðru en möltuðu og ómöltuðu korni. Bent er á að samkvæmt frumvarpi eru breytingunum ætlað að styðja við smærri brugghús og jafna samkeppnisstöðu þeirra við stærri áfengisframleiðendur. Það skítur því skökku við að undanskilja þau handverksbrugghús sem framleiða sterkara áfengi en 12% af hreinum vínanda og þeirra er nota annað en maltað og ómaltað korn sem grunn að áfengi.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Gunnar Sigurðarson', is written over a horizontal line.

Gunnar Sigurðarson,
viðskiptastjóri á framleiðslusviði